



Menntastefna Akraness

Stýrihópsfundur

Ráðgjafarsvið KPMG

—

3. desember 2020

Dagskrá

1. Kynning þátttakenda
2. Kynning á verkefninu
3. Hlutverk stýrihóps
4. Vinnuferli og tímaáætlun
5. Viðtöl – hvenær og við hverja?
6. Vinnufundir, tímasetningar vinnufunda og hverjir verða boðaðir
7. Samráðsgátt (vefkönnun)
8. Önnur mál



Markmið

Tilgangur verkefnisins er að skapa breiða samstöðu til framtíðar um mikilvægustu markmið í skóla- og frístundastarfi á Akranesi. Jafnframt að móta aðgerðaráætlun sem styður við innleiðingarferlið.

Áfangi 1: Mótun, undirbúningur, gagnaöflun og verkefnisstjórnun

Endanleg gerð verkáætlunar, skipulagning funda og viðtala.

Fyrstu fundir með stýrihópi verkefnis til að sammælast um endanlega verkáætlun verkefnisins.

Hlutverk stýrihóps er að styðja við verkefnið, rýna efni og niðurstöður, móta kröfur til verkefnisins og fylgjast með framvindu.

Ráðgjafar rýna ýmis fyrirbyggjandi gögn t.d. niðurstöður íbúafunda, starfslýsingar stjórnenda, samþykktir, minnisblöð sem gerð hafa verið og tengjast innra starfi.

Einnig verði horft til mælinga ef þær liggja fyrir, m.a. á þjónustu og starfsumhverfi. Í þessum verkþætti verði einnig til útlínur að verkefnum fyrir vinnustofur.

Vinnuferli og drög að tímaramma

Áfangi	Nóv/Des	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Máí
1 Mótun, undirbúningur, gagnaöflun og verkefnisstjórnun	▶						
2 Kortlagning og viðtöl	▶	▶					
3 Áherslur		▶	▶				
4 Stefna				▶	▶		
5 Innleiðing						▶	

Undirbúningur/Áfangi 1	Kortlagning/Áfangi 2	Áherslur/Áfangi 3	Stefna/Áfangi 4	Innleiðing/Áfangi 5
<ul style="list-style-type: none"> — Myndun stýrihóps — Rýni á strauma og stefnur í menntamálum — Undirbúningur, skipulagning, rýni gagna 	<ul style="list-style-type: none"> — Viðtöl við starfsfólk — Ábendingagátt opnuð — Fá fram viðhorf starfsfólks — Rýni á niðurstöður 	<ul style="list-style-type: none"> — Vinnustofur með starfsfólki — Samtal við nemendur og ungmenni — Meta ávinning af aðgerðum 	<ul style="list-style-type: none"> — Framsetning stefnu — Lykilmarkmið — Aðgerðaráætlun — Kynning 	<ul style="list-style-type: none"> — Framkvæmd — Eftirfylgni með árangri — Endurmat
<p>Afurðir:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Tilgátur/hugmyndir um stefnuáherslur — Nánari verkáætlun 	<p>Afurðir:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Drög að sýn, metnaði og markmiðum 	<p>Afurðir:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Drög að stefnuáherslum — Forgangsröðun aðgerða 	<p>Afurðir:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Menntastefna 	

★ = Fundur með stýrihópi; ákvörðun um næstu skref – allt ferlið unnið í nánu samstarfi KPMG og stýrihópsins

Verkbættir

Áfangi 1: Mótun, undirbúningur, gagnaöflun og verkefnisstjórnun

Endanleg gerð verkáætlunar, skipulagning funda og viðtala. Fyrstu fundir með stýrihópi verkefnis til að sammælast um endanlega verkáætlun verkefnisins. Hlutverk stýrihóps er að styðja við verkefnið, rýna efni og niðurstöður, móta kröfur til verkefnisins og fylgjast með framvindu. Ráðgjafar rýna ýmis fyrirbyggjandi gögn t.d. niðurstöður íbúafunda, starfslýsingar stjórnenda, samþykktir, minnisblöð sem gerð hafa verið og tengjast innra starfi. Einnig verði horft til mælinga ef þær liggja fyrir, m.a. á þjónustu og starfsumhverfi. Í þessum verkþætti verði einnig til útlínur að verkefnum fyrir vinnustofur.

Áfangi 2: Kortlagning styrkleika, veikleika og tækifæra

Viðtöl við stjórnendur, starfsmenn stofnana og kjörna fulltrúa sveitarfélagsins. Í viðtölum er fjallað um styrkleika, hvað má betur fara, helstu áskoranir og tækifæri í starfsemi málaflokksins ásamt því að draga fram sýn viðmælenda á framtíðina og hvað þurfi að breytast. Jafnframt verði kallað eftir hugmyndum og ábendingum um úrbætur á sviði þjónustu, ferla, stjórnunar og samhæfingar verkefna.

Opnuð verði ábendingagátt á vef Akraneskaupstaðar þar sem íbúar og aðrir hagaðilar geti komið skoðunum sínum og sjónarmiðum á framfæri um stöðu á þjónustu í málaflokknum

Áfangi 3: Vinnufundir og innri vinnustofur

Ráðgjafar KPMG, og verkkaupi eftir atvikum, skipuleggja vinnustofur með aðkomu starfsfólks og hagaðila málaflokksins. Um er að ræða þematengdar vinnustofur þar sem leitast verður eftir breiðri aðkomu kjörinna fulltrúa, kennara, stjórnenda, starfsfólks og foreldra en ekki síst nemenda og ungmenna. Verkefni og viðfangsefni vinnufundanna þróast þegar fram líða stundir en hér yrði lögð áhersla á að vinnufundirnir séu bæði hugsaðir sem gagnaöflun en einnig upplýsingafundir til að fá fram umræðu og eignarhald á verkefninu.

Áfangi 4: Stefna

Sett fram og kynnt heildstæð stefna til framtíðar í samráði við stýrihóp.

Áfangi 5: Innleiðing

Unnið eftir aðgerðaráætlun við framkvæmd breytinga og eftirfylgni.

Afurðir verkefnisins

- Heildstæð Menntastefna, með skýr leiðarljós og áherslur sem mótaðar hafa verið í samráði við kjörna fulltrúa, stjórnendur, starfsfólk, ungmenni og nemendur
- Skýr markmið með aðgerðaráætlun til næstu missera



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2020 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.